

## 7. fundur

*Miðvikudaginn 3. janúar 2007 kom hreppsnefnd Langanesbyggðar saman til fundar í kaffistofu Þórsvers og hófst fundur kl. 14:00*

Mætt voru. Sigurður Ragnar Kristinsson, Árni Davíð Haraldsson, Aðalbjörn Armarsson, Jóhanna Helgadóttir, Axel Gunnarsson, Sigurður Jóhannes Jónsson og Marinó Jónsson, einnig sat Björn Ingimarsson fundinn auk Björns Guðm. Björnssonar fulltrúa.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna, óskaði eftir að taka á dagskrá tvö málefni undir liðinn 4. Innsend erindi til afgreiðslu. Styrkumsókn til náms og í 9. lið Vegamál. Einnig að bæta við fundargerð byggðaráðs 4.10.06. Samþykkt samhljóða.

### Dagskrá.

#### 1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefndarf., 4.okt., 2.nov.16. nov.29.nov.og 26.des. 06. Lagðar fram.
- Byggðaráð, 4. okt. 18. okt. 26. okt. og 14. des. 06. Lagðar fram.
- Byggðaráð, 18. 12.06. Bókun  
“Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir fram komna hugmynd frá Sverri Möller um aðgerðir er miða að umhverfishreinsun á svæði Búnaðarfélags Langnesinga. sveitarstjóra falið í samráði við bændur á umræddu svæði, að kynna landeigendum fyrirhugaða hreinsun og þann kostnað sem slíkt mun hafa í för með sér fyrir hvern og einn”. Samþykkt samhljóða, einnig fundargerð.
- Byggðaráð, 14.12.06. Bókun.  
“Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að veita sveitarstjóra umboð til að ganga frá nýjum lánasamningi við Lánaþjóð sveitarfélaga í samræmi við hugmyndir um sameiningu eldri skuldabréfalána við Lánaþjóðinn í einn lánasamning ( samanber bréf frá lánaþjóði sveitarfélaga, dagsett 14.11.06. og 06.12.06. og viðræður á milli aðila) ”.
- Fræðslu og menningarnefnd, 07.12.06. Bókun.  
“Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að vísa óskum um framkvæmdir vegna sérkennslustofu til fjárhagsáætlunar 2007, en samþykkir að verða við óskum skólastjóra varðandi ráðningu stuðningsfulltrúa inn í 6. bekk frá og með 1. janúar 2007 til og með 15. maí 2007. Samþykkt samhljóða, einnig fundargerð.
- Umhverfis- skipulags- og bygginganeftnd, 08.11.06. Bókun.  
“Sveitarstjórn Langanesbyggðar gerir ekki athugasemdir við hugmyndir Skarar ehf varðandi viðbyggingu við flugskýli. Jafnframt samþykkir sveitastjórn ósk eigenda gamla íbúðarhússins á Sætúni um heimild til niðurrifs, enda er ekki verið að farga menningarsögulegum verðmætum heldur er um umhverfisfegrandi aðgerðir að ræða. Samþykkt með 5. atkvæðum enginn á móti. Fundargerð samþykkt samhljóða” .

- Íþrótt- og tómstundanefnd, 02.11.06. Fundarg. samþ. samhljóða.

## **2. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.**

- Eyþing. stjórnarfundur, 22.09.06. 09.10.06. og 27.11.06.
- Héraðsráð, 04.12.06.
- Héraðsnefnd, 04.12.06.
- Safnanefnd, 01.12.06.

## **3. Mál. skýrsla sveitarstjóra.**

Björn flutti greinargóða skýrslu.

## **4. Mál. Innsend erindi til kynningar.**

- Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum. Fundargerð 9. ársfundar.
- Skelrækt 2007. Ráðstefna í janúar 2007. Bókun.
- “ Samþykkt að einn til tveir fulltrúar frá Langanesbyggð sækí ráðstefnuna, sem verður haldin á Akureyri dagana 12. – 13. janúar n.k”. Samþykkt samhljóða.
- Eyþing. Þróun íbúafjölda á svæði Eyþings 2005 -2006.
- Norræna upplýsingaskrifstofan. Umsóknarfrestur í Norræna menningarsjóðinn. Bókun.
- “ Samþykkt að vísa málínu til fræðslu- og menningarnefndar til afgreiðslu”. Samþykkt samhljóða.
- Úrvinnslusjóður. Fræðsluátak vegna söfnunar á ónýtum rafhlöðum. Bókun. “ Samþykkt að vísa málínu til umhverfis- skipulags- og bygginganefndar til afgreiðslu”. Samþykkt samhljóða.
- Pósturinn. Lokun póstafrreiðslu á Bakkafirði.

Til afgreiðslu.

- Tilboð í Lindabrekku á Bakkafirði. Bókun. “ Sveitarstjóra veitt umboð til að ganga til samninga við tilboðsgjafa á grundvelli fyrirliggjandi tilboðs”. Samþykkt samhljóða.
- Umsókn um íbúð til leigu í leiguíbúðum aldraðra. Bókun. “ Samþykkt að úthluta Þórarni Björnssyni íbúð í Miðholti 10. Sveitarstjóra falið að ganga frá leigusamningi um íbúðina”. Samþykkt samhljóða.
- Menntamálaráðuneytið. Tillaga að stefnu stjórnvalda í fornleifavernd. Bókun. “ Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir stuðningi við þá stefnu er fram kemur í drögum að stefnu stjórnvalda í fornleifavernd er lögð hefur verið fram til umsagnar af hálfu Menntamálaráðuneytisins. Hreppsnefnd Langanesbyggðar leggur hins vegar áherslu á að til að þau háleitu markmið náist sem fram eru sett þá er nauðsynlegt að ætla til þessa málaflokks nægjanlegs fjármagns á fjárlögum því ljóst er að sveitarfélögin

munu ekki geta staðið undir þeim verkefnum, sem þarna er gert ráð fyrir”. Samþykkt samhljóða.

- Starfsfólk Nausts. Hljómburður í matsal Dvalarheimilisins Nausts. Bókun “Erindinu vísað til stjórnar Nausts”.
- Unglingaþing á Þórshöfn, 29.11.06. Ályktanir. Bókun. “Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir yfir ánægju sinni með það framtak, sem felst í því að unglingaþing er haldið. Sveitarstjóra og íþóttu- og tómstundafulltrúa í samráði við íþróttu- og tómstundaneftir, falið að vinna úr þeim ályktunum er fram hafa verið lagðar i tengslum við gerð fjárhagsáætlunar 2007. Samþykkt samhljóða.
- Silkiprent og fánar. Fánabærinn þórshöfn. Bókun. “Hreppsnefnd langanesbyggðar samþykkir framkomnar hugmyndir Silkiprents og fána um að setja upp fánastangir við þjóðveginn sunnan ristarhliðs. Fyrirvari er þó gerður um að Vegagerðin samþykki endanlega staðsetningu. Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir jafnframt þáttöku í verkefninu að því gefnu að almenn þáttaka náist á meðal fyrirtækja og stofnana á svæðinu”. Bókun vísað frá, erindinu vísað til umsagnar umhverfis-skipulags og bygginganefndar. Samþykkt samhljóða.
- Héraðsnefnd Þingeyinga. Fjárhagsáætlun 2007. “Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir fyrilliggjandi fjárhagsáætlun með fyrirvara um að kostnaðarhlutdeild í Menningarmiðstöð Þingeyinga til lengri tíma litið verði endurskoðuð með hliðsjón af því hvernig til tekst á næstu þremur árum með útvíkkun á starfsemi menningarmiðstöðvarinnar á svæðinu öllu”. Samþykkt samhljóða.

Kl. 16:50, fundi frestað til kl. 10.00, 4. janúar 06.

Hulda Sigurðardóttir mætti í stað Árna Davíðs.

- Ósk um greiðslufrest á skuld. Samþykkt að taka málið fyrir á lokuðum fundi að afloknum fundi hreppsnefndar”. Samþykkt samhljóða.
- Sýslumaðurinn á Seyðisfirði. Ósk um samþykki vegna niðurfellingar skuldar. Bókun “Samþykkt að taka málið fyrir á lokuðum fundi að aflokunum fundi hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.
- Gular síður.is. Tilboð um ársskráningu. “Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að fela sveitarstjóra að semja um skráningu á sveitarfélagit og stofnumum þess á leitarvefnum Gulum síðum.is Samþykkt samhljóða.
- Styrkumsókn til náms. “Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að fela sveitarstjóra að bjóða umsækjanda stuðning sambærilegan þeim sem kennaranemar er starfa hjá sveitarfélagit hefur verið boðið upp á”.

## 5. Mál. Árshlutareikningur Skeggjastaðahrepps og

Lagðir fram til yfirrigingar árshlutareikningar pr. 30.06.06. sem unnir voru af KPMG endurskoðun og marka upphafsstöðu efnahagsstærða í sameinuðu sveitarfélagi.

## **6. Mál. Kaup á slökkvibifreið og þjónustusamningur við flugmálastjórn.**

Samkomulag um kaup og rekstur slökkvibifreiðar kynnt. Þjónustusamningur við flugmálastjórn lagður fram og staðfestur. Samþ með 6. atkv. Sig. Jóh. Jónsson á móti og ætlar að kynna sér málið betur.

## **7. Mál. Endurnýjun bifreiðar fyrir þjónustumiðstöð.**

Bókun “Hreppsnefnd Langanesbyggðar veitir sveitarstjóra umboð til að endurnýja bifreið fyrir þjónustumiðstöð með gerð rekstrarleigusamnings í samræmi við framlögð gögn dagsett 08.12.06. Samþykkt samhljóða.

## **8. Mál. Atvinnuþróunarverkefni í Langanesbyggð.**

Verkefnasamningur við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga Nýsköpun í Langanesbyggð, kynntur. Samþykkt að vísa hugmyndum varðandi gas- og olíuverkefni til frekari úrvinnslu byggðaráðs. Samþykkt samhljóða.

## **9. Mál. Vegamál.**

Bókun. “Hreppsnefnd Langanesbyggðar beinir því til yfirstjórnar samgöngumála í landinu að lokið verði lagningu bundins slitlags á þjóveginum á milli Bakkafjarðar og Þórshafnar hið fyrsta. Um er að ræða vegkafla sem gegnir veigamiklu hlutverki í þá veru að hið nýa sveitarfélag Langanesbyggðar nái að gegna heildstæðu hlutverki gagnvart íbúunum bæði atvinnu- og þjónustulega. Það er því forgangskrafa að umrædd framkvæmd verði sett inn á vegáætlun og hún komi til framkvæmda innan næstu tveggja ára.

Jafnframt leggur hreppsnefnd Langanesbyggðar áherslu á mikilvægi þess að útboð eigi sér stað nú þegar á fyrirhugaðri framkvæmd norðausturvegar um Hólaheiði þannig að af framkvæmdum verði á þessu ári. Óásættanlegt er með öllu að umræddri framkvæmd verði frestað enn einu sinni enda hafa um nokkurra ára skeið verið til staðar verulegar fjárveitingar vegna framkvæmdarinnar á vegaáætlun. Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri við samgönguráðherra, Vegagerð og þingmenn kjördæmisins”. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá tæmd, fundargerð lesin upp og samþ. Oddviti sleit fundi kl. 12.00.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.